

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, reiðleið að Hafravatni.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að reiðleið meðfram Hafravatnsvegi færist til vesturs í austurhlíðar Úlfarsfells. Gert er ráð fyrir nýrri mislægri tengingu (undirgöngum) undir Skarhólabraut og að mislæg tenging (undirgöng) við Hafravatnsveg færist suður um 240 metra.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006